Heildarafli 2018 / 2019 tillaga LS

15. júní 2018



Fundur LS með

Kristjáni Þór Júlíussyni
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra

	Ráðgjöf Hafró	Tillaga LS
Þorskur	264,4 Kt	289,0 Kt


Tillaga LS jafngildir 9,3% viðbót við ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar.

Þorskur - tillaga LS: 289 þús. tonn


LS telur ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar of varfærna. Þegar saman fer að veiðistofn, hrygningarstofn og nýliðun eru í sögulegu hámarki á skilyrðislaust að túlka aflareglu vítt og nýta allar smugur til útgáfu á auknum heildarafla.

Samkvæmt töflu um stofnmat í skýrslu Hafrannsóknastofnunar hefur veiðihlutfall (afli/veiðistofn) verið lægra en 20% undanfarin 7 ár. Ráðgjöf LS byggir á að bæta við ráðgjöf Hafró 24.600 tonnum sem er mismunur þess sem veitt var á árinu 2017 og 20% veiðihlutfalls.


Þorskveiði sem hlutfall af veiðistofni



Þorskveiði sem hlutfall af veiðistofni



Þorskveiði sem hlutfall af veiðistofni




Óveitt þ.e. mismunur á veiðihlutfalli og 20% aflareglu eru alls 132 þúsund tonn á þessum sjö árum.


Það er skoðun LS að í ljósi vannýtingar og sterkrar stöðu þorskstofnsins skuli 24.600 tonnum bætt við ráðlagðan heildarafla á fiskveiðiárinu 2018/2019.

Leyfilegur heildarafli verði 289.037 tonn.


Stærð árganga - meðalfjöldi 3 ára nýliða
5 árganga frá upphafi kvótakerfisins




Fjöldi nýliða hvers þorskárgangs á 10 ára tímabili í milljónum byggt á mælingum við 3 ára aldur. Meðaltal 162 milljónir (142 sl. 30 ár og langtímameðaltal 1955-2018 er 175 milljón)



Á tímabilinu 2009 - 2018 hefur viðmiðunarstofn stækkað um 71%. Tíu ára aflaaukning er 44%. Veiðihlutfall var að meðaltali 19% þrátt fyrir að vera 21,3% fyrstu 3 árin.




Hrygningarstofn þorsks ekki mælst stærri síðan 1960
mældist þá 712 þ tonn það ár voru veidd 470 þús. tonn
LANDSSAMBAND
smábátaeigenda
668
652
Hrygningarstofn að meðaltali 328 Þt [1999 - 2018]
800
700
600
500
400
300
200
100
0
1999
2001
2003
2005
2007
2009
2011
2013
2015
2017
2019*

Ýsa - tillaga LS 58 þúsund tonn

40% aukning er gríðarlega mikið stökk á einu ári útfrá markaðslegum forsendum. LS hefur undanfarin tvö ár talið aflaráðgjöf hafa verið lægri en efni stóðu til. Árið 2016 lagði LS til að leyfilegur afli yrði 45 þúsund tonn sem var 30% hærra en ráðgjöf Hafrannsóknastofnununar gerði ráð fyrir.

Vakin skal athygli á að Hafró spáir að hrygningarstofn vaxi um 44% milli ára og veiðistofn stækki um 18%.

Sjómenn verða mikið varir við seiði og smáýsu. Þar virðist því engin vafi á að sterkir árgangar eru að koma inn í veiðina.

Ýsa - tillaga LS 58 þúsund tonn

Vanmat „útilokar ekki veiðistopp“

LS hefur gagnrýnt ráðgjöf Hafró og bent á að rallið næði ekki að mæla inni flóum og fjörðum. Ráðgjöfin hefur því ekki fylgt upplifun sjómanna. Þá hefur komið í ljós að mælingar á fjölda (milljónum) 2 ára nýliða 2008, 2009, 2010 og 2011 árgöngum hefur verið ófullnægjandi.

Árgangar:	2008	2009	2010	2011	Samtals
2012 skýrsla	24	23	14	22	83
2018	44	36	23	42	145


Ufsi - tillaga LS: 79.000 tonn

LS gerir ekki athugasemdir við ráðgjöf Hafrannsókna-stofnunar.

Á undanförnum árum hefur útgefið aflamark á ufsa ekki nýst að fullu með veiðum. Munar þar 37.455 tonnum á fiskveiðárunum [2013/2014 - 2016/2017]. Einnig má gera ráð fyrir að afli á yfirstandandi fiskveiðiári verði töluvert undir útgefnu aflamarki.

Veiðihlutfall á ufsa er langt undir því að vera ábyrg nýting á tegundinni. Á árinu 2017 var það aðeins um 11%.

Ufsi - tillaga LS: 79.000 tonn



Steinbítur - tillaga LS: 10.000 tonn

LS er ósammála að ekki skuli bætt meira við í steinbít.


Að sögn smábátaeigenda sem stunda steinbítsveiðar hefur útbreiðslusvæði hans breyst mikið á undanförnum árum. Hann gengur grynnra, inn í vestfirðina og við Strandir. Einnig hefur meira orðið vart við hann fyrir austan land. Það er einróma álit þeirra að stofninn sé að braggast og því eigi að leyfa auknar veiðar.

LS ítrekar þá skoðun að banna eigi beina sókn í steinbít með dregnum veiðarfærum. Þá hvetur LS til að friðunarsvæði á Látragrunni verði stækkuð þannig að steinbítur á hrygningarslóð verði friðaður yfir hrygningar- og klaktíma.

Steinbítur - tillaga LS: 10.000 tonn

LANDSSAMBAND smábátaeigenda

Bent skal á að veiðihlutfall á steinbít hefur á undanförnum fimm árum verið afar lágt sem LS telur að skilað hafi sér í stærri veiðistofni en Hafrannsóknastofnun byggir ráðgjöf sína á. Ástæður þess hversu hlutfallið er lágt er verð sem fæst fyrir hann, ágóði af veiðum ekki nægur.



Keila - tillaga LS: 4.000 tonn

LS gerir ekki athugasemdir við ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar.

Mikil breyting hefur orðið á keilugengd á slóðum smábáta. Minna orðið vart við hana og taka sumir svo sterkt til orða að engu sé líkara en hún sé horfin af þekktum slóðum. Hvort hún sé í útrýmingarhættu skal ósagt látið.

Bein sókn í keilu er ekki lengur stunduð. Ástæður nokkrar, auk þess að lítið fæst af henni er engir kaupendur sem tilbúnir eru að greiða það verð sem þarf að fást fyrir hana. Við veiðar á henni er botnlag þannig að líkur eru á veiðafæratjóni. Lítið fæst af henni sem meðafla við línuveiðar.

Langa - tillaga LS: 6.000 tonn

Gríðalegur niðurskurður á aflaheimildum í löngu hefur átt sér stað á undanförnum árum. Úr 16.200 tonnum á fiskveiðiárinu 2015/2016 niður í 6.200 bendir til þess að hrun eigi sér stað í stofninum og undrast LS að ekki komi til aðrar skýringar hjá Hafró heldur en nýliðun hafi brugðist.

Smábátaeigendur höfðu greint minnkandi löngugengd og lögðu til á árinu 2015/2016 að veiðiheimildir yrðu lækkaðar í 14 þúsund tonn, 14% minna en Hafró lagði til.

Grásleppa

Lagt er til í ráðgjöf Hafró að upphafsaflamark verði lækkað um 16%. Er það í samræmi við mælingar sem sýna lækkun vísitölu.

LS hefur gagnrýnt aðferðir Hafró við mælingar og mat á stærð hrognkelsastofnsins.

Upplifun veiðimanna og niðurstöður mælinga hafa oft farið saman. Nú bregður svo við að á flestum svæðum hefur veiði á hvern dag verið betri en á síðustu vertíð.

Blálanga

Tillaga LS er að leyfilegur heildarafli verði 1.500 tonn.

LS ítrekar þá skoðun að það hafi verið mistök að kvótasetja blálöngu, farsælla hefði verið að takmarka veiðar með svæðalokunum.

Skötuselur - tillaga LS: 1.000 tonn

Skötuselur hefur verið brellinn undanfarin ár. Veiði gýs upp tímabundið, en á milli finnst hann ekki. Sjómenn ræða um það sín á milli að hann sé nú meira á dýpinu og færi sig norðar.

LS hefur áður látið þá skoðun í ljós að skötuselur sem veiðist sem meðafli við grásleppuveiðar reiknist ekki til aflamarks, krafa um slíkt er hér með ítrekuð. Skötuselurinn er yfirleitt fullur af rauðmaga og oft eru tæjur af grásleppu sem hann ælir útúr sér þegar hann veiðist. Eftir hrygningu syndir grásleppan aftur út en rauðmaginn, vegna vöktunarhlutverks, tekst á við skötuselinn og endar því oft í gini hans. Nauðsynlegt er að veiða selinn á grásleppumiðunum og má kvótaleysi viðkomandi ekki koma í veg fyrir það.

Skötuselur - tillaga LS: 1.000 tonn

LS telur að niðursveifla í rauðmaga skýrist að einhverju leyti á viðveru skötusels á hrognkelsamiðum. Það er miður að ekki hafi verið tekið tillit til varnaðarorða félagsins sl. ár varðandi veiðar á skötusel.

Smábátaeigendur sem gera út á skötusel eru sammála um að innreið skötusels á Íslandsmið sé að fjara út.

Heildarafli 2017 / 2018 tillaga LS



	Ráðgjöf Hafró	Tillaga LS
Þorskur	257,8 Kt	289,0 Kt
Ýsa	58,0 Kt	60,0 Kt
Ufsi	79,0 Kt	79,0
Steinbítur	9,0 Kt	10,0 Kt
Keila	3,8 Kt	4,0 Kt
Langa	6,3 Kt	6,0 Kt
Grásleppa	1,56 Kt	
Blálanga	1,52 Kt	1,5 Kt
Skötuselur	722 t	1.000 t



LANDSSAMBAND
smábátaeigenda

Takk fyrir

